

Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða


Kynning og áætlun

13. september 2013


Markmið og aðdragandi

Aukin og fjölbreyttari nýting á strandsvæði Vestfjarða hefur leitt til hagsmunaárekstra og aukins álags á umhverfið. Fiskeldi, veiðar, kræklingarækt, kalkþörungánám, ferðaþjónusta og hlunnindanýting eru dæmi um nýtingu sem á sér stað í dag á þessu svæði. Sveitarfélög á Vestfjörðum, undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðinga, hafa brugðist við þessu með gerð nýtingaráætlana. Markmiðið er að skipuleggja strandsvæði Vestfjarða með svipuðum hætti og gert er á landi. Strandsvæðið er hér skilgreint sem svæði sem nær frá línu sem liggur 115 m frá stórstraumsfjöruborði og að línu sem liggur eina sjómílu utan við grunnlínu landhelginnar (mynd 1 og 2). Í þessari vinnu hafa sveitarfélög á Vestfjörðum bent á veikleika við ákvarðanatöku á strandsvæðinu:

- Engar skipulagsáætlanir eru í gildi á strandsvæðinu. Þetta mun óhjákvæmilega leiða til hagsmunaárekstra og draga úr vilja fólks til að nýta svæðið á sjálfbæran hátt.
- Sveitarstjórnir hafa takmarkaða aðkomu að ákvarðanatöku um nýtingu á strandsvæðinu. Þrátt fyrir það er afkoma margra sveitarfélaga nær algerlega háð auðlindum strandsvæðisins.
- Það skortir heildaryfirsýn yfir núverandi nýtingu og samræmingu á meðal stofnana sem fara með stjórnun strandsvæðisins. Stjórnsýslulegt umhverfi er almennt flókið á strandsvæðinu.



Mynd 1. Stjórnsýsluleg mörk lands, strandsvæða og hafs. Kortin á myndinni eru tilbúin dæmi en stórstraumsfjöruborð er almennt óþekkt hér á landi.



Mynd 2. Afmörkun nýtingaráætlunar í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum (rauð lína).


Nýtingaráætlun er ekki lögbundin skipulagsáætlun heldur stefnuyfirlýsing sveitarfélaganna varðandi nýtingu strandsvæðisins ásamt samantek á grunnupplýsingum sem ekki hafa legið fyrir. Gert er ráð fyrir að áætlunirnar verði viðhengi við fyrirhugað svæðisskipulag fyrir Vestfirði og öðlist þannig ákveðið gildi innan stjórnsýslunnar. Nýtingaráætlunirnar innihalda þrjú megin-þemu:

- Yfirlit yfir núverandi nýtingu
- Lýsingu á staðháttum og öðrum forsendum
- Framtíðarsýn og áætlun um nýtingu

Áætlunum er ætlað að vera verkfæri til þess að bæta ákvarðanatöku, nánar tiltekið að:

- Vera leiðarljós sveitarfélaga við ákvarðanatöku á strandsvæðinu, svo sem við gerð umsagna um leyfisveitingar.
- Upplýsa leyfisveitendur og hagsmunaaðila um stefnu sveitarfélaga.
- Bæta aðgengi að grunnupplýsingum, svo sem varðandi núverandi nýtingu og almennar forsendur fyrir ákvörðunum um nýtingu strandsvæðisins.

Nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúpi og Jökulfirði er hluti af stærra verkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem markmiðið er að skipuleggja strandsvæðið með þeim hætti sem áður var lýst. Áætlunin er unnin í framhaldi af tilraunaverkefni í Arnarfirði en vinna við það hófst haustið 2010 (mynd 3). Nota á reynsluna úr tilraunaverkefninu í þessum hluta verkefnisins.



Mynd 3. Forverkefni og aðalverkefni nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða.

Aðferðafræði

Skipulagsferli og umhverfismat

Nýtingaráætlunin er ekki lögbundin og heyrir ekki undir skipulagslög eða lög eða önnur lög sem eiga við um skipulagsáætlanir. Áætlanirnar eru samt sem áður unnar á sambærilegan hátt og hefðbundnar skipulagsáætlanir, þ.e.a.s. með kynningar- og umsagnarferli, formlegri afgreiðslu sveitarstjórna ásamt umhverfismati áætlana. Sérstök áhersla er lögð á samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila líkt og í tilraunaverkefninu í Arnarfirði.

Ábyrgð og ráðgjöf

Sveitarfélög sem liggja að viðkomandi svæði bera ábyrgð á nýtingaráætluninni.

Fulltrúar sveitarfélaga mynda *nefnd um nýtingaráætlun* Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða. Hlutaðeigandi sveitarfélög hafa skipað tvo fulltrúa hvert í nefndina (ásamt varamanni/mönnum) til að vinna að áætluninni. Nefndin hefur umsjón með gerð áætlunarinnar líkt og svæðisskipulagsnefnd hefur við gerð svæðisskipulags í samræmi við skipulagslög (nr. 123/2010). Starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga og skipulagsráðgjafi (Teiknistofan Eik) starfa með nefndinni og halda utan um vinnu við verkefnið.

Hagsmunaaðilar

Settur hefur verið á fót *skipulagshópur* sem samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga (nefnd um nýtingaráætlun) og hagsmunaaðilum. Skipulagshópurinn hefur það hlutverk að fjalla málefni áætlunarinnar og vera nefnd um nýtingaráætlun til ráðgjafar. Fulltrúar skipulagshópsins eru talsmenn ákveðinna félaga eða annarra hópa sem hafa sameiginlega hagsmuni. Með þessari nálgun verður upplýsingaöflun og greining á helstu hagsmunaárekstrum og öðrum vandamálum sem tengjast nýtingu svæðisins skilvirkari. Þátttaka þessara aðila eykur einnig almennan skilning og stuðning við áætlunina. Fulltrúum skipulagshópsins ber að vera í góðu sambandi við skjólstæðinga sína og virkja umræðu innan félaganna. Æskilegt er að hópurinn komist að sameiginlegri niðurstöður varðandi framtíðarnýtingu á svæðinu. Fulltrúar skipulagshópsins vinna í samræmi við starfsreglugerð hópans.

Kynning

Áhersla er lögð á að vinnuferlið í verkefninu verði opið og gagnsætt. Sérstakt svæði um verkefnið verður sett upp á vefsíðu Fjórðungssamband Vestfirðinga þar sem hægt verður að nálgast afurðir og önnur gögn í tengslum

við það. Verkefnið verður kynnt og auglýst eftir því sem þurfa þykir en auk þess fer það í hefðbundið kynningarferli líkt og lögbundnar skipulagsáætlanir.

Aðrir þátttakendur

Óskað verður eftir faglegum stuðningi lykilstofnana í tenglum við verkefnið. Leitað verður m.a. til Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Orkustofnunar, Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu, Landhelgisgæslunnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða.

Áætlun

Tafla 1. Verkbættir og áætlað umfang nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða. Fyrri áfangi verkefnisins er skyggður.

<i>Verkbáttur</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hlutfall af heild</i>
<i>Undirbúningur</i>	Lýsing á verklagi og skilgreining á áherslum, afmörkun og umfangi verksins. Stofnun skipulagshóps og verkefnisstjórnun.	júní- september 2013	5 %
<i>Forsendur</i>	Samantekt og úrvinnsla á þeim gögnum er varða svæðið, einkum náttúru, samfélag og nýtingu þess.	ágúst- nóvember 2013	15 %
<i>Núverandi nýting</i>	Skrásetning á núverandi nýtingu í samvinnu við stofnanir og hagsmunaaðila.	ágúst 2013- janúar 2014	15 %
<i>Greining</i>	Greining á hagsmunaaðrekstrum og umhverfisáhrifum	október 2013- janúar 2014	15%
<i>Stefnumörkun</i>	Uppdrættir og greinargerð. Náin samvinna við skipulagshóp og hagsmunaaðila	janúar- júlí 2014	30 %
<i>Frágangur og kynning</i>	Frágangur á greinargerð og uppdráttum.	júlí- nóvember 2014	20 %
<i>Heild</i>			100 %

Áætlaðir fundir nefndar um nýtingaráætlun og skipulagshóps:

- ✓ 5.9. 2013. Fundur fulltrúa sveitarstjórna í skipulagshópi. Kynning, áætlun og áherslur í verkefninu.
- ✓ 18.9. 2013. Fyrsti fundur skipulagshóps. Kynning á verklagi og áherslum verkefnis. Afhending gagna. Kynning á greiningarvinnu.
- ✓ 11.11. Fundur fulltrúa sveitarstjórna í skipulagshópi. Niðurstöður greiningarvinnu skipulagshóps. Kynning á núverandi nýtingu og forsendum.
- ✓ 18.11. 2013. Annar fundur skipulagshóps. Niðurstöður greiningarvinnu skipulagshóps. Kynning á núverandi nýtingu og forsendum. Umræður um áherslur, hagsmunaaðrekstra og leiðarljós.